

Vér komum þá aftur að spurningunni, sem vér byrjuðum með: hvers krefst skyldan af oss? Eigum vér að eyðileggja sjálfa oss með kyrð, láta afstöðu vora verða tvíræða, hafna stefnu vorri og segja já og amen við öllum trúaratriðum og játningum, sem vér ekki trúum eða játum réttar? Mundi slík stefna miða til góðs? Biðjum vér aðra um að gera þetta? Vér segjum að fyrsta sporið til manndóms sé, að maður ekki blekki sjálfan sig, að maður hafi sínar skoðanir og standi djærlega við þær. Þegar þess vegna ég heyri einhvern segja: Það gerir ekkert til hvaða kyrkju þú sækir, þær eru hér um bil eins allar, þá hugsa ég um hvort hann muni sýna samskonar skeytingarleysi í viðskiftum sínum við aðra og í fjármálasökum. "Standið því gyrtir sannleika", þannig byrjar Páll postuli með sannleikann sem hið þýðingarmesta, og Jesús sagði að síðustu, að sannleikurinn væri það æðsta og mesta, sem hann hefði borið vitni, hin eina dygd, sem í sannleika gerir manninn frjálsan.

Ur ýmsum áttum.

Í Belgíu fóru fram þingkosningar ekki alls fyrir löngu. Í kosningum þessum bar íhaldsflokkurinn hærrí hlut. Sósíalistar og frjálslyndi stjórnmálaflokkurinn létu í ljós megnustu óánægju, svo við óeirðum lá, eftir kosningarnar. Sigur íhaldsmanna var að þakka úreltu fyrirkomulagi, sem gefur hinum ríkari tvö og þrjú atkvæði á móti einu hvers hinna. Með því móti getur minni hluti ráðið úrslitunum; og hefir gert það að undanfögnu. Málið, sem efst var á dagskrá fyrir kosningarnar, var alþýðumentun. Í Belgíu er meiri hluti alþýðuskóla undir stjórn kaþólsku kyrkjunnar, sem er ríkiskyrkja þar. Að þeim skólum hefir íhaldsflokkurinn jafnan hlynt, en gert utankyrkjuskólunum sem erfiðast fyrir. Ekki er ólíklegt að stórar breytingar séu í